



# BYGGÐASTOFNUN

## YFIRLÝSING BYGGÐASTOFNUNAR - YFIRLIT BÓKHALDSLEGS AÐSKILNAÐAR ÍSLANDSPÓSTS OHF. ÁRIÐ 2020

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 19. gr. laga nr. 98/2019 um pósthjónustu<sup>1</sup> og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda<sup>2</sup> afhent Byggðastofnun kostnaðarlíkan ásamt ítarlega sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2020. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)<sup>3</sup>, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC<sup>4</sup> útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluáðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 3. mgr. 17. gr. laga nr. 98/2019 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Miðað er við að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur (e. avoidable cost) ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í líkani ÍSP byggir að miklu leyti á kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað undanfarin ár. Byggðastofnun telur að kostnaðarlíkanið sem ÍSP lagði fram þann 15. mars 2021 vegna ársins 2020 byggi á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í lögum nr. 98/2019 (<https://www.althingi.is/lagas/151c/2019098.html>)

<sup>2</sup> Sjá nánar í reglugerð 313/2005 (<https://island.is/reglugerdir/nr/0313-2005>)

<sup>3</sup> LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

<sup>4</sup> LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

reglugerðar nr. 313/2005 og ákvörðun PFS nr. 18/2013 hvað varðar framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar. Lagatiltvitnanir í yfirlýsingunni taka mið af lögum nr. 98/2019.

### SAMANDREGIÐ YFIRLIT YFIR TEKJUR OG GJÖLD EFTIR STARFSÞÁTTUM FYRIR ÁRIÐ 2020

	Samkeppni innan alþjónustu*	Samkeppni utan alþjónustu*	Samtals*
Rekstrartekjur	6.482.463	972.485	7.454.948
Rekstrargjöld	(7.231.201)	(453.733)	(7.684.934)
Afkoma starfsþátta	(748.738)	518.752	(229.986)

#### Afstemming við ársreikning:

Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir	353.491
Afkoma dóttur- og hlutdeildarféлага	4.933
Annað	(3.786)
Tekjuskattur	(20.275)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>104.377</b>

\*Allar tölur eru í þús. kr.

Á undanförunum árum hefur verið mikið tap í rekstri ÍSP á erlendum póstsendingum, einkum vegna óhagstæðra endastöðvasamninga sem ÍSP er bundið af á vettvangi Alþjóðapóstbandsins (UPU) vegna skuldbindinga sem hvíla á íslenska ríkinu sem felur í sér alþjónustuskyldu sem ÍSP sinnir. Samkvæmt starfsþáttayfirliti ÍSP fyrir árið 2018 nam tap félagsins vegna erlendra sendinga sem heyrja undir samkeppni innan alþjónustu 818 millj. kr., en fór lækkandi á árinu 2019 og nam 496 millj. kr., aðallega vegna þess að fyrirtækið fékk heimild til að leggja sérstakt sendingargjald á viðtakendur erlendra póstsendinga, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2019 sem breyttu eldri lögum um póstpjónustu nr. 19/2002, til að mæta framangreindum taprekstri.<sup>5</sup> Árið 2020 var fyrsta heila árið sem að sendingargjaldið var lagt á viðtakendur og nam tapið 25 millj. kr. og því má álykta að gjaldið sé hóflegt og ekki notað til þess að bæta fyrir annað tap félagsins.<sup>6</sup>

Þann 1. janúar 2020 tóku gildi ný lög um póstpjónustu nr. 98/2019. Ein af meginbreytingum laganna var að einkaréttur ríkisins á dreifingu bréfa undir 50 gr. var felldur niður. Í þeirri yfirlýsingu sem hér birtist er

<sup>5</sup> Frá og með 3. júní 2019 hefur ÍSP innheimt sendingargjald af sendingum sem koma erlendis frá og bera aðflutningsgjöld. Sendingargjaldið er 400 kr. fyrir sendingu frá Evrópu og 600 kr. fyrir sendingu frá löndum utan Evrópu.

<sup>6</sup> Með tilkomu sendingargjaldsins getur alþjónustuveitandi ekki sóst eftir fjárframlögum frá ríkinu vegna erlendra sendinga sbr. 7. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019.

Því í fyrsta skipti ekki tekið tillit til aðgreiningar einkaréttar frá öðrum þáttum í starfsemi ÍSP, en það sem áður heyrði undir einkarétt er nú hluti af samkeppni innan alþjónustu.

Í nýjum lögum um pósthjónustu fólst einnig sú breyting að ÍSP var frá 1. janúar 2020 gert að hafa sömu gjaldskrá vara innan alþjónustu um allt land. Fallið var frá því með lögum nr. 76/2021<sup>7</sup> og eru það nú eingöngu bréf 0-50g þar sem sama verð skal vera um allt land. Í kjölfarið tók ný svæðaskipt verðskrá ÍSP fyrir pakka innan alþjónustu innanlands gildi þann 1. nóvember 2021, með nokkurn veginn sömu svæðaskiptingu og hafði verið árið 2019. Með svæðaskiptri verðskrá má gera ráð fyrir bættri afkomu ÍSP en verðskrá skal taka mið af raunkostnaði, en þó vera viðráðanleg fyrir notendur. Viðráðanlegt verð hefur ekki verið skilgreint enn og er það hluti af verkefnum næstu missera fyrir alþjónustuveitanda, Byggðastofnun og önnur stjórnvöld að skilgreina. Gera má ráð fyrir því að alþjónustubyrði ÍSP verði áfram einhver þrátt fyrir svæðaskipta verðskrá, einkum vegna svæðis 4, en byrðin verði þó minni en áður vegna brotthvarfs ákvæðisins um „eitt land, eitt verð“ og að þau áhrif komi fram að hluta til árið 2021 og að fullu árið 2022.

Í lið 2 í ákvörðunarorðum ákvörðunar Á-1/2021<sup>8</sup> sem Byggðastofnun birti 12. nóvember 2021 kallaði Byggðastofnun eftir svörum við spurningum sem höfðu verið sendar til ÍSP og hafa þau svör borist. Spurningarnar lutu einkum að skiptingu gjaldssvæða. Í svörunum kemur fram að á svæði 4, þar sem að Byggðastofnun hafði gert athugasemdir varðandi framsetningu gjaldskrár, sé alþjónusta veitt á afgreiðslustöðum í formi bifreiðar og því eigi verðskráin heima undir gjaldskrá fyrir pakka innanlands frekar en gjaldskrá fyrir heimsendingar. Jafnframt kemur fram að svæðaskipting gjaldskrárinnar byggi á svæðaskiptingu frá því áður en að ákvæði um „eitt land, eitt verð“ tóku gildi og að sú svæðaskipting sæti nú endurskoðun. Byggðastofnun telur svör ÍSP fullnægjandi hvað þetta varðar.

## ÁLIT BYGGÐASTOFNUNAR

Byggðastofnun byggir álit sitt á bókhaldslegum aðskilnaði ÍSP á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, stjórn og forstjóra, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt forsendum og skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegum aðskilnaði. Jafnframt hefur ÍSP lagt fram frekari upplýsingar og skýringar að beiðni Byggðastofnunar um ýmis atriði í bókhaldi félagsins vegna bókhaldslegs aðskilnaðar.

---

<sup>7</sup> Sjá nánar í lögum nr. 76/2021 um breytingu á lögum um pósthjónustu og lögum um Byggðastofnun (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.076.html>)

<sup>8</sup> Sjá nánar í ákvörðun Á-1/2021 (<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2021/akvordun-a-1-2021.pdf>)

Í samræmi við fyriræli Fjarskiptastofu (áður Póst- og fjarskiptastofnunar) í ákvörðun nr. 18/2013<sup>9</sup> hefur ÍSP lagt fram álitserð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, dags. 29. apríl 2021, vegna rekstrarársins 2020, þar sem fram kemur að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2020. Byggðastofnun staðfestir hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2020 er í samræmi við ákvæði laga nr. 98/2019 um póstpjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekennda.

Sauðárkróki, 9. desember 2021

Byggðastofnun

---

<sup>9</sup> Sjá nánar í ákvörðun PFS nr. 18/2013

([https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2013/akv\\_pfs\\_nr\\_18\\_2013.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2013/akv_pfs_nr_18_2013.pdf))